



## Skóf í hársverði

Skóf í hársverði ungbarna er algeng á fyrstu mánuðunum ævinnar. Þetta er ekki alvarlegur kvilli og er venjulega tímabundinn.

Orsök er ekki þekkt en talið er að hún myndist vegna fituframléiðslu frá kirtlum í húð og síðan festast dauðar húðfrumur þar í.

Hrúður getur einnig myndast bak við eyru og við augabrúnir. Einstaka sinnum getur sveppasýking og/eða exem komið í þessa skóf.



### Lausnir

Þvo – nudda – greiða.

Bleytið hárið og nuddið með þvottapoka og greiðið með fínni greiðu eða lúsakambi.

Ef þetta dugar ekki til að fjarlægja skófina gæti þurft að bera feitt krem í hársvörðinn. Látið liggja í nokkra tíma eða yfir nótt. Gott getur verið að setja þunna bómullarhúfu á höfuð barnsins.

Þvoið kremið úr hársverðinum með vatni eða mildu hársjampói án ilmefna. Notið fína greiðu eða lúsakamb til að ná skófinni úr hársverðinum. Þessa meðferð þarf oft að endurtaka, en ef það dugar ekki er hægt að nota vaselín.

Vaselínið er borið í hársvörð barnsins að kvöldi og þvegið að morgni með vatni eða mildu hársjampói án ilmefna til að ná fitunni úr hárinu.

ACP smyrsl er notað ef skófin er mjög þykk og ef önnur meðferð hefur ekki dugað. Smyrslinu er nuddað í hársvörðinn og látið vera í u.þ.b. 6-8 klst. áður en það er þvegið úr.